

Malbikstöðin ehf.  
Vilhjálmur Þór Matthíasson  
Flugumýri 26  
270Mosfellsbær

Reykjavík, 18. ágúst 2021  
UST202103-167/gf  
08.08.02

### **Varðar reglubundið eftirlit 2021 – Malbiksstöðin ehf., Koparsléttu 6-8, 162-Reykjavík**

Þann 11.6.2021 fór fram eftirlit í malbikunarstöð Malbikstöðvarinnar ehf. á Esjumelum, 162 Reykjavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Bent var á frágang á lóðarmörkum, girðingar og gróðursetningar sem krafa er um í starfsleyfi.

Tvö frávik komu fram í eftirliti:

1. Niðurstöður frárennismælinga höfðu ekki borist stofnuninni þegar komið var í eftirlit. Niðurstöðurnar hafa nú borist og því er frávikinu lokað.
2. Grænt bókhald (umhverfisupplýsingar) fyrir árið 2020 barst stofnuninni ekki fyrir 1. maí sl. eins og tilskilið er í reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 og eins í starfsleyfi (grein 4.6).

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8.9.2021.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur